



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 21/2018
Dags. 13. desember 2018

Álagning dagsekta á Seyðisfjarðarkaupstað vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins í Sundhöll Seyðisfjarðarkaupstaðar, kt. 560269-4559 að Suðurgötu 5, þann 15. ágúst 2016, voru veitt eftirfarandi fyrirmæli í eftirlitsskýrslu B 105643:

- Að farga skyldi tímum umbúðum undan klór hjá viðurkenndum aðila og tryggja að ekki safnist upp mikið magn af tímum umbúðum.
- Að koma skyldi upp lýsingu á gangi undir sundlaug.
- Að koma skyldu upp ræstiklefa/ræstiskáp utan við afgreiðslu og starfsmannarými sundlaugavarðar.
- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustað.
- Að við gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustað skyldi sérstaklega meta þá hættu sem einvera starfsmanns við vinnu í sundlaugarbyggingunni skapi og gera fullnægjandi ráðstafanir sem tryggja heilsu hans og öryggi í samræmi við áhættumatið.
- Að við gerð skriflegrar áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skyldi sérstaklega taka tillit til ungs aldurs sumaraðstoðarmanns sundlaugarvarðar og gera viðeigandi úrbætur í samræmi við það.
- Að hreinsa skyldu frá dyrum flóttaleiða og tryggja auðvelda notkun. Rýmingarleiðir skyldu alltaf vera vel greiðar.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 1. og 2. mgr. 3. gr., 1., 4. og 6. mgr. 8. gr., 31. gr, 1. og 3. mgr. 37. gr., 1. mgr. 39. gr. og 43. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, staðalsins ÍST EN 12464-1:2011 um ljós og lýsingu, 21. gr. og 26.-28. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og

framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga, 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Í framangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Með bréfi, dags. 20. september 2018, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á Seyðisfjarðarkaupstað þar sem ekki hafði verið farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Seyðisfjarðarkaupstað var veittur 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Með tölvupósti, dags. 4. október 2018, sendi Seyðisfjarðarkaupstaður beiðni um aukinn frest og með tölvubréfi sama dag veitti Vinnueftirlit ríkisins aukinn frest. Með tölvupósti dags. 15. október 2018 sendi Vinnueftirlit ríkisins kaupstaðnum yfirlit yfir stöðu málsins og veitti kaupstaðnum frest til og með 31. október 2018. Í framangreindu bréfi Vinnueftirlits ríkisins kom skýrlega fram að ef tilkynning um úrbætur vegna framangreindra fyrirmæla, sbr. 10. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980, bærisk ekki stofnuninni innan veitts frests þá gæti komið til álagningar dagsektar án frekari fyrirvara. Með tölvupósti, dags. 7. nóvember 2018, óskaði kaupstaðurinn eftir enn auknum fresti til að klára úrbætur á þeim fyrirmælum sem fram komu í skýrslu B 105643. Vinnueftirlit ríkisins sendi Seyðisfjarðarkaupstað tölvupóst þann 8. nóvember 2018, þar sem fram kom að áður en hægt yrði að taka afstöðu til beiðni um aukinn þyrfti Vinnueftirlit ríkisins að fá upplýsingar um hvenær áætlað væri að úrbótum yrði lokið. Þar sem engin svör bárust frá kaupstaðnum hafnaði Vinnueftirlit ríkisins beiðni Seyðisfjarðarkaupstaðar um aukinn frest með tölvupósti þann 16. nóvember 2018. Í bréfinu kom skýrlega fram að ef tilkynning um úrbætur vegna framangreindra fyrirmæla, sbr. 10. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980, bærisk ekki stofnuninni fyrir 21. nóvember 2018, þá gæti komið til álagningar dagsektar án frekari fyrirvara. Ekkert heyrðist frekar í Seyðisfjarðarkaupstað eftir það.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvæði 10. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 kveður á um það að ef

Vinnueftirlit ríkisins beinir skriflegum fyrirmælum til atvinnurekanda um úrbætur á vinnustað ber viðkomandi atvinnurekanda eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni formlega, svo sem bréflega eða með rafrænum hætti, þegar umræddum úrbótum er lokið á vinnustaðnum. Þar sem Seyðisfjarðarkaupstaður hefur ekki farið að framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að hafa fengið frest þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á Seyðisfjarðarkaupstað dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980, þangað til kaupstaðurinn uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 2 starfsmenn í Sundhöll Seyðisfjarðarkaupstaðar.

III. Ákvörðunarorð

„Seyðisfjarðarkaupstaður, kt. 560269-4559, hefur brotið gegn 1. og 2. mgr. 3. gr., 1., 4. og 6. mgr. 8. gr., 31. gr, 1. og 3. mgr. 37. gr., 1. mgr. 39. gr. og 43. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, staðlinum ÍST EN 12464-1:2011 um ljós og lýsingu, 21. gr. og 26.-28. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 426/1999 um vinnu varna og unglunga, 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum..

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Seyðisfjarðarkaupstað. Skal Seyðisfjarðarkaupstaður greiða kr. 40.000 á dag frá og með næsta degi eftir að kaupstaðnum var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til það hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 15. ágúst 2016.”

Vinnueftirlit ríkisins